

# Bíldudalsskóli

Metnaður – Samskipti - Frumkvæði

## Niðurstöður úr lesfimiþrófum 2016-2017

Lesfimi vísar til sjálfvirkrar samþæfingar á umskráningu, orðaþekkingu og lesskilningi, þannig að lesturinn verði bæði nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Nákvæmni felst í að lesa rétt en sjálfvirkni í því að þekkja framburð og merkingu ritaðs orðs um leið og það ber fyrir augu, fyrirhafnarlaust og án þess að þurfa að einbeita sér að því að umskrá orðið. Lesturinn þarf að vera áreynslulaus og með réttum áherslum svo að athyglin geti beinst að lesskilningi.


Nemendur með góða lesfimi hafa góðan sjónrænan orðaforða. Þeir eiga jafnframt auðvelt með að mynda tengsl milli lesefnis og eigin þekkingar og reynslu til að skilja orðin og textann. Lesfimi hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir árangur í lestri og þess vegna þarf að þjálfra sjálfvirkni í öllum þáttum lestrarferlisins, strax frá byrjun.

Lesfimiviðmið eru einskona vörður sem settar eru þannig fram að þær sýna stífganda í lesfimi frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið um færni nemenda í lesfimi sem gegna því hlutverki að setja upp markmið fyrir nemendur í hverjum árgangi þannig að þeir verði undirbúnir fyrir þær kröfur sem þeir munu þurfa að mæta á næstu stífum náms. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Hægt er að sjá lesfimiviðmiðin á heimasíðu Bíldudalsskóla

<https://www.bildudalsskoli.is/lesfimi>.

Lesfimiþrófin eru lögð fyrir í september, janúar og maí ár hvert en þau voru í fyrsta skipti lögð fyrir haustið 2016. Gert er ráð fyrir að allir nemendur Bíldudalsskóla þreyta þrófin þrjú en niðurstaða þrófanna birtist inn á svokallaðri skólagátt þar sem hægt er að sjá stöðu skólans.

## Niðurstöður



Septemberþrófin sýndu slakan árangur þar sem hlutfall þeirra sem náðu 90% viðmiðum var ekki hátt eða tæp 30%. Í ljós kom að skráning á þrófunum var gallað, til dæmis var sama þróf fyrir 3. bekk skráð

tvisvar. Í einum árgangi mátti sjá alla nemendur ná 90% viðmiðum, aðrir árgangar voru frá 15% til 65% hlutfalli. Hlutfall nemenda sem tóku prófin voru 89% en 1. bekkur tók ekki prófin.

Eftir að hafa rýnt í þessar niðurstöður settum við okkur markmið að allir árgangar næðu 90% viðmiðum og einhverjir árgangar myndu ná 50% viðmiðum í janúarprófunum. Ýmsum viðurkenndum úrræðum var beitt til að auka lesfimiárangur.

Janúarprófin sýndu að allir árgangar nema einn náði 90% viðmiðum, í tveimur árgöngum náðu allir 90% viðmiðum, aðrir árgangar voru með 65%-83% hlutfall í 90% viðmiðum. Það sem sást einnig var að tveir árgangar náðu 50% viðmiðum og var það eitt af markmiðunum sem við settum okkur. Hlutfall þeirra sem þreyttu prófin var 97%.

Fyrir maíprófin settum við okkur þau markmið að fleiri árgangar myndu ná 50% viðmiðunum og við myndum sjá árganga fara í 25% viðmiðin.

Maíprófin sýndu að allir árgangar héldu sínum árangri fyrir utan tvo sem hækkuðu sig, annar fór í 30% hlutfall þeirra sem náðu 25% viðmiðunum og hinn hækkaði hlutfall þeirra sem náðu 90% viðmiðum úr 40% í 50%. Hlutfall nemenda sem þreyttu prófin var 95%

Við sjáum stighækkandi mun á nemendum en þar sem þetta var fyrsta árið sem prófin eru lögð fyrir er ekki komin mikil reynsla af þeim en þau lofa góðu. Markmið fyrir næsta skólaár er að fjölga nemendum sem ná 90% viðmiðum í september, sjá 25% viðmið í janúar og fjölga 50% og 25% viðmiðunum í maí.

4. júlí, 2017

Ásdís Snót Guðmundsdóttir,  
skólastjóri Bíldudalsskóla.